

Fræsöfnunarleiðangur í Teigsskóg 29.-30. september 2022



Johan Holst
Skógfræðingur

Bakgrunnur og markmið

Vísað er til skilmála nr. 22 í framkvæmdaleyfi frá 25. feb. 2020, vegna Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi:

„Nota skal staðargróður/grenndargróður þar sem talið er þörf á uppgræðslu á framkvæmdasvæðið“

Í samráði við Vegagerðina var ákveðið að fara í vettvangsferð og fræsöfnunarleiðangur haustið 2022 til að safna fræi af birki og reynivið úr Teigsskógi. Fræið verður notað til ræktunar á bakkaplöntum sem verða gróðursettar þar sem þörf reynist fyrir sérstaka uppgræðslu á framkvæmdasvæðinu.


Söfnun

Fræþroski í birki á suður- og norðurlandi í lok september var talinn þokkalega góður, því var farið vestur í Þorskafjörð til að safna fræum til framleiðslu á bakkaplöntum fyrir Vegagerðina. Ekið var að framkvæmdasvæðinu í Þorskafirði og gengið frá Þórisstöðum að Grenitrésnesi. Fræsöfnun var fyrirhuguð í lundum með tiltölulega beinvaxin og háreist tré, og til að huga að erfðafræðilegum breytileika voru áætlaðir 100 metrar á milli söfnunarstaða.



Fræsöfnunarsvæði

Smávegis af birkifræi safnaðist í landi Þórisstaða en almennt má segja að mjög lítið hafi verið af fræreklum í eldri hluta skógarins. Farið var utar og neðar í land Grafar, og fannst smávegis af fræi þar. Haldið var svo áfram til suðvesturs með slóðinni og niður með Grímkelsstaðaá en ekkert fræ fannst á þeim slóðum.



Dæmi um vöxtuleg birkitré í Teigskógi þar sem leitað var af fræjum.

Næsta dag var Teigsskógur genginn að endalöngu út að Grenitrésnesi og skoðaðir voru allir vöxtulegir lundir, en niðurstaðan var ávallt sú sama. Mjög lítil fræmyndun er í birki í Teigsskógi í ár. Samtals safnaðist um líter af fræi.

Hinsvegar var ágætis uppskera í reyniberjum frá Grímkelsstaðaá og út á Grenitrésnes. Samtals safnaðist um 15 líter af berjum, allt frá heilbrigðum og vöxtulegum trjám.



Mikið af berjum á reynitrjám



Árangur dagsins



Birkifræ í þurrk

Vegna framvindu birkis í Teigskóg

Fræmyndun á birki og hversu vel fræið spírar er afar breytilegt á milli ára. Ýmsir umhverfisþættir hafa áhrif á fræmyndunina. Til dæmis er oft mikil blómgun eftir þurr og sólrík sumur en mjög takmarkað eftir köld og blaut sumur. Svo er mikil kvæmamunur í birki varðandi blómgun og fræmyndun og oftast meiri blómgun og fræmyndun í birki á Suðurlandi en í öðrum landshlutum (munnleg heimild Aðalsteinn Sigurgeirsson). Góð fræár á Vestfjörðum eru ekki nema á 8-10 ára fresti (munnleg heimild Sæmundur Kr. Þorvaldsson).

Góðu fréttirnar eru þær að birkið í Teigsskógi virðist vera duglegt að endurnýja sig með rótarskotum. Skoðaðir voru svarðlagshauga á framkvæmdasvæði Vestfjarðavegar, og áberandi var hversu mikið af rótarskotum er að koma upp af stubbum og rótum.

Þetta getur verið vísbending um að það að nota svarðlag í skeringar og fyllingar á framkvæmdasvæðinu muni flýta endurheimt staðargróðurs til muna.



Svarðlag í vegfláa. Frágangur eftir.



Rótarskot af birki í svarðlagshaug.



Rótarskot af birki og nokkuð frísklegur staðargróður í röskuðu svæði.



Óflugt rótarskot af birki í svarðlagshaug sem bíður frágangs.

Niðurstaða söfnunarleiðangursins

Safnað var um 15 l af reyniberjum og 1 l af birkifræi. Þetta fræmagn er ekki nægilegt til beinnar sáningar við uppgræðslu á framkvæmdasvæðinu sjálfu, en við ræktun bakkaplantna í gróðrarstöð munu reyniberin sem söfnuðust hugsanlega duga í framleiðslu 1000-1500 bakkaplantna.

Óvisst er um spírun birkifræsins, og þarf að þurrka, hreinsa og spírunarprófa það áður en ákvörðun verður tekin um sáningu og ræktun plantna af fræinu. Ef spírun reynist góð getur þetta magn fræs dugað í framleiðslu á meira en 10 þúsund plöntum.

Mikið er um myndun rótarskota á raskaða svæðinu og óvíst er hvort þörf sé fyrir frekari ráðstafanir vegna endurheimtar birkis á framkvæmdasvæði Vegagerðarinnar.

Lokaorð

Mælt er með að framleiða reyniplöntur sem munu nýtast í uppgræðslu á sérstökum stöðum á framkvæmdasvæðinu.

Birkifræið verður hreinsað og þurrkað og varðveitt í kæli.

Fylgst verður með framvinda birkis á framkvæmdasvæðinu eftir framkvæmdalok og ef endurnýjun birkis telst óásættanleg verða ræktaðar birkiplöntur af fræinu sem safnaðist haustið 2022, og nýtt til gróðursetninga á framkvæmdasvæðinu.

Johan Holst

Silfrastaðir 10 október 2022